

Maí 2007

Unnið af Birnu Baldursdóttur



[KÖNNUN MEÐAL FÉLAGSMANNA HS – NIÐURSTÖÐUR –]

Hrossaræktarsamtök Suðurlands gerðu könnun á viðhorfi félagsmanna til starfseminnar og einstakra viðfangsefna hennar. Markmiðið var að fá félagsmenn til að leggja stjórninni lið við að móta starf og stefnu samtakanna og efla félagið. Hér á eftir eru birtar niðurstöður úr könnuninni sem send var út til félagsmanna HS í febrúar 2007.

Úrdráttur

Karlar eru um 77% svarenda í könnuninni og konur um 23%. Um 71% þátttakenda býr í sveit en um 29% í þéttbýli. Langflestir stunda hrossarækt sem hlutastarf eða rúmlega 89% svarenda. Um 6% hafa hrossarækt sem aðalatvinnu en um 5% svarenda stunda ekki hrossarækt. Stærsti hópur svarenda telur áhuga á hrossarækt vera helstu ástæðu félagsaðildar sinnar.

Óháð kyni eru 13% þátttakenda óánægð með starfsemi HS, 42% eru í meðallagi ánægð eða óánægð og um 45% þátttakenda eru ánægð með starfsemi samtakanna. Ekki er marktækur munur á ánægju eftir búsetu. Í könnuninni fundust ástæður fyrir ríflega þriðjungi ánægju félaganna með HS. Þar skipta mestu máli hrossasýningar samtakanna og aðgangur að WorldFeng. Þarna eru þeir sem myndu vilja breyta hrossasýningum og þeir sem myndu segja sig úr samtökunum ef WorldFengur yrði tekinn út meginskýring óánægju með starfsemi félagsins. Þeir þættir sem koma næstir eru stóðhestahald HS, notkun gagnagrunnsins WorldFengs og mikilvægi hagsmunasamtaka fyrir hrossaræktina. Langflestir, eða 94% svarenda í könnuninni, telja það skipta miklu máli að rekin séu hagsmunasamtök. Ríflega 82% töldu ekki þörf á að breyta hrossasýningum samtakanna.

Um 70% svarenda segjast myndu halda áfram að vera félagar í HS þó svo að um aðgang að WorldFeng væri ekki að ræða en um 30% myndu hinsvegar segja sig úr samtökunum. Um 68% töldu að gagnagrunnurinn WorldFengur skipti máli fyrir ræktunina. Yfir 88% svarenda nota gagnagrunninn WorldFeng, fyrst og fremst til að skoða ætterni og dóma.

Um 40% þátttakenda í könnuninni nota aldrei heimasíðu HS, um 40% nota heimasíðuna sjaldan og um 18% nota hana stundum. Af þeim sem svöruðu voru 23% sem vissu ekki að heimasíðan væri til. Ríflega 80% svarenda skoða eða lesa fréttabréf HS en 12% þátttakenda vissu ekki að það væri til.

Margar hugmyndir komu fram að viðfangsefnum fyrir samtökin en flestir töldu að fræðslu- og útgáfustarf og hagsmunagæsla ættu að vera efst á baugi. Hvað varðar tillögur að úrbótum var oftast nefnt að starf samtakanna mætti vera sýnilegra og virkara og einnig að stóðhestahald eða betra aðgengi að stóðhestum myndi bæta starf samtakanna.

EFNISYFIRLIT

Inngangur	4
Upplýsingar um þátttakendur í könnuninni	5
Félagsaðild, ánægja með samtökin og mikilvægi þeirra	6
Áhugi á fræðslu.....	10
Kynbótastarf.....	12
Mikilvægi gagnagrunnsins WorldFengs.....	14
Þekking og notkun á heimasíðu HS.....	16
Þekking og lestur á fréttabréfi HS.....	18
Hugmyndir að viðfangsefnum og tillögur að úrbótum.....	19
VIÐAUKI - Spurningalistinn.....	22

Inngangur

Hrossaræktarsamband Suðurlands var stofnað árið 1949 en 1996 voru deildir Félags hrossabænda á svæðinu og Hrossaræktarsambandið sameinað og nefnt Hrossaræktarsamtök Suðurlands (HS).

Hrossaræktarsamtök Suðurlands gerðu könnun á viðhorfi félagsmanna til starfseminnar og einstakra viðfangsefna hennar. Markmiðið var að fá félagsmenn til að leggja stjórninni lið við að móta starf og stefnu samtakanna og efla félagið. Hér á eftir eru birtar niðurstöður úr könnuninni sem send var út til félagsmanna HS í febrúar 2007. Sendur var út spurningalisti, með 23 spurningum í mismörgum liðum, til allra félagsmanna HS sem þá voru 433 talsins. Svör bárust frá 141 félagsmanni og var svarhlutfallið því um 33%. Þetta lága svarhlutfall verður að hafa í huga við túlkun á niðurstöðum könnunarinnar. Sú spurning vaknar til dæmis hvort sá hluti félagsmanna sem svaraði spurningalistanum hafi meiri áhuga á starfsemi félagsins en þeir sem svöruðu ekki. Skýring á lágu svarhlutfalli gæti verið almennt áhugaleysi á að svara slíkum spurningakönnunum í bland við hinn margumtalaða tímaskort.

Könnuninni má skipta í eftirfarandi meginhluta:

- Grunnupplýsingar; sex ónúmeraðar spurningar aftast í spurningalistanum sem lúta að bakgrunni þess sem svarar og eru notaðar til að greina svör við hinum spurningunum.
- Ástæða félagsaðildar (sp. 1), ánægja með samtökin (sp. 2) og mikilvægi samtakanna (sp. 3).
- Áhugi á fræðslu (sp. 4 og 5).
- Áhugi á kynbótastarfi (sp. 6 og 7).
- Notkun á heimasíðu og lestur fréttabréfs (sp. 9, 10, 11 og 12).
- Áhugi á WorldFeng (sp. 13, 14, 15 og 16).
- Hugmyndir um starfsemina (sp. 8) og tillögur að úrbótum (sp. 17).

Upplýsingar um þátttakendur í könnuninni

Eins og sjá má, í töflunni hér að neðan, eru karlar um 77% svarenda í könnuninni og konur um 23%. Um 71% þátttakenda býr í sveit en um 29% í þéttbýli. Langflestir stunda hrossarækt sem hlutastarf eða rúmlega 89% svarenda. Ríflega 6% hafa hrossarækt sem aðalatvinnu en hátt í 5% svarenda stunda ekki hrossarækt.

Kyn	fjöldi	(%)	Búseta	fjöldi	(%)	Hrossarækt sem starf	fjöldi	(%)
Karl	108	(77,1)	Sveit	97	(70,8)	Sem aðalatvinna	8	(6,3)
Kona	32	(22,9)	Þéttbýli	40	(29,2)	Sem hlutastarf	114	(89,1)
						Stunda ekki hrossarækt	6	(4,7)
Svör alls	140			137			128	
Svör vantar	1			4			13	
Heild	141			141			141	

Spurt var: „Hve mörg ár hefur þú verið í hrossarækt?“ Þegar þessi spurning var skoðuð nánar kom í ljós að rúm 45% svarenda hafa verið 21 ár eða lengur í hrossarækt, um 36% hafa verið í hrossarækt í 11 - 20 ár og hátt í 19% hafa verið í hrossarækt 10 ár eða skemur. Hafa verður í huga að tiltölulega hátt hlutfall svaraði ekki þessari spurningu eða nærri 16% þátttakenda.

Spurningunni um „Hve mörg ár hefur þú verið í félaginu?“ svöruðu innan við 80% þátttakenda á eftirfarandi veg: Tæplega 30% hafa verið í 5 ár eða skemur í HS, 28% hafa verið 6 - 10 ár í félaginu og ríflega 42% hafa verið í 11 ár eða lengur í HS. Yfir 21% svöruðu ekki. Hér verður að hafa í huga að mismunandi getur verið hvernig þátttakendur skilja þessa spurningu þ.e. sumir miða við stofnár Hrossaræktarsambands Suðurlands 1949 og aðrir miða við árið 1996 þegar Hrossaræktarsamband Suðurlands og deildir Félags hrossabænda á svæðinu voru sameinaðar í núverandi Hrossaræktarsamtök Suðurlands.

Félagsaðild, ánægja með samtökin og mikilvægi þeirra

Svarhlutfall við spurningunni um helstu ástæðu félagsaðildar í HS (sp. 1) var 83% og hér á eftir sést flokkun svaranna.

Flokkaðar ástæður	Helsta ástæða aðildar að HS	Hve oft nefnd
Almenn starfsemi	Hagsmunasamtök	12
	Styrkja félagið / félagsskapinn	10
Kynbótastarf	Áhugi á hrossarækt	38
	Er í hrossarækt	21
	Aðgangur að WorldFeng	18
	Stóðhestahald	17
Fræðslu- og upplýsingastarf	Fylgjast með / fá upplýsingar	12
Þróunar- og stefnumótunarstarf	Metnaður/ framfarir / stefnumótun	6
Aðrar ástæður	Vegna deildaraðildar	4
	Óljósar (gamall vani / veit ekki)	4

Samkvæmt þessu virðist stærsti hópurinn telja áhuga á hrossarækt (38) vera helstu ástæðu félagsaðildar sinnar. Einnig svara margir því til að þeir séu í hrossarækt (21). Aðgangur að WorldFeng er oft (18) talin ástæða aðildarinnar svo og fyrrum stóðhestahald samtakanna en 17 nefna það sem ástæðu aðildar. Tólf segja að hagsmunir séu helsta ástæða aðildar að HS og tíu nefna að félagsskapurinn sé ástæðan. Það að fylgjast með og fá upplýsingar um hrossarækt telja tólf vera helstu ástæðu fyrir veru sinni í samtökunum og síðan nefna sex að metnaður, framfarir og áhugi fyrir stefnumótun í hrossarækt sé ástæða aðildar. Átta svarendur eru í hlutlausari kantinum og nefna þar af fjórir að þeir séu „tilneyddir“ vegna aðildar að Félagsdeildum á svæðinu og fjórir telja sig vera aðila að samtökunum vegna gamals vana eða eins og einn svaraði „Er reyndar hættur að átta mig á því“.

Þegar svörin við spurningunni „Ertu almennt ánægð(ur) eða óánægður með starfsemi HS?“ (sp. 2) eru skoðuð eftir kyni, búsetu og að hve stórum hluta hrossaræktin er atvinna hjá viðkomandi einstaklingum kemur eftirfarandi í ljós.

%	Kyn		Búseta		Heild
	Karl	Kona	Sveit	Þéttbýli	
Óánægð(ur)	13,1	12,9	14,7	10,0	12,9
Í meðallagi	42,1	41,9	41,1	45,0	42,4
Ánægð(ur)	44,9	45,2	44,2	45,0	44,6

Af töflunni sést að karlar og konur eru mjög lík í afstöðu sinni til starfsemi HS og ekki greindist tölfræðlega marktækur munur á afstöðu eftir kyni. Óháð kyni eru um 13% þátttakenda óánægð með starfseminum, rúmlega 42% eru í meðallagi ánægð eða óánægð og hátt í 45% þátttakenda eru ánægð með starfsemi félagsins.

Ekki er marktækur munur á ánægju með starfsemi félagsins eftir búsetu. Af þeim sem búa í sveit eru tæplega 15% óánægð en 10% þeirra sem eru búsett í þéttbýli. Um 41% þeirra sem búa í sveit eru í meðallagi ánægð/óánægð en 45% búsett í þéttbýli. Þessar niðurstöður benda til þess að heldur meiri óánægja sé með starfsemi HS hjá þeim sem búsettir eru í sveit en munurinn er þó ekki marktækur. Á ánægða hópnum er nánast enginn munur eftir búsetu (44,2% á móti 45,0%).

Við greiningu á ánægju með starfsemi félagsins, eftir því hvort svaendur stunda hrossarækt sem aðalstarf eða hlutavinnu eða jafnvel stunda ekki hrossarækt, þá voru þeir einstaklingar sem annaðhvort stunda ekki hrossarækt eða hafa hana að aðalstarfi það fáir (alls 13) að ekki voru tölfræðilegar forsendur til staðar til að prófa hvort um marktækan mun væri að ræða. Af töflunni hér á eftir sést að hjá þeim sem hafa hrossarækt sem aðalstarf eru þó fleiri óánægðir (37,5%) en ánægðir (25,0%). Hafa verður í huga að hópur þeirra, sem hafa hrossarækt að aðalstarfi, er fámennur eða aðeins átta manns. Hjá þeim sem stunda hrossarækt að hluta til snýst dæmið við þ.e. þar eru mun fleiri ánægðir

(45,1%) en óánægðir (12,4%). Þetta er lang fjölmennasti hópurinn eða 114 svarendur í könnuninni. Hjá þeim sem stunda hrossarækt, að einhverju leyti (aðalstarf og hlutastarf), þá eru einnig margir (38-43%) frekar hlutlausir í afstöðu sinni til starfsemi HS. Af þeim þátttakendum sem ekki stunda hrossarækt er meirihlutinn ánægður með starfsemi HS eða 80%. Ítrekað skal að hér er þó einungis um fimm einstaklinga að ræða sem ekki stunda hrossarækt og þar af er aðeins einn óánægður.

%	Stunda hrossarækt sem ...		Stunda ekki hrossarækt
	aðalatvinnu	hlutastarf	
Óánægð(ur)	37,5	12,4	20,0
Í meðallagi	37,5	42,5	0
Ánægð(ur)	25,0	45,1	80,0

Þegar spurt er „hversu miklu eða litlu máli það skipti fyrir hrossaræktargreinina að það séu rekin hagsmunasamtök hennar“ (sp. 3) kemur í ljós að 94% svarenda í könnuninni telja það skipta miklu máli en aðeins 2% telja það skipta litlu máli. Þeir sem voru þar á milli eru 5% svarenda.

Athugun á því hvernig þessi svör tengjast svörum við spurningunni um hversu ánægður félagsmaðurinn er almennt með HS leiðir í ljós að ekki skiptir máli hvort svarandinn er ánægður eða óánægður með starfsemi HS, yfirgnæfandi meirihluti allra (88-98%) er á þeirri skoðun að hagsmunasamtök skipti miklu máli fyrir hrossaræktina.

Til að varpa ljósi á hvaða helstu þættir það eru sem hafa áhrif á ánægju svarenda með starfsemi HS var notað aðhvarfsgreining sem sýnir heildaráhrif og sérstök áhrif margra þátta í senn á eina lykilspurningu, svo sem ánægju félagsmanna. Í ljós kom að þeir þættir sem höfðu marktæk áhrif voru eftirfarandi, þar sem fyrsti þátturinn hafði mest áhrif og svo koll og kolli (því hærra t-gildi, óháð formerki, því meiri áhrif):

- 1) Hrossasýningar HS (sp. 6); (t=-3,904; p=0,000)
- 2) Mikilvægi WorldFengs fyrir félagsaðildina (sp. 13); (t=3,769; p=0,000)
- 3) Mikilvægi hagsmunasamtaka fyrir hrossaræktina (sp. 3); (t=2,303; p=0,023)
- 4) Áhrif stóðhestahalds (sp. 7); (t=2,464; p=0,015)

- 5) Hversu oft þátttakendur fóru inn í WF gagnagrunninn (sp. 15); ($t=-2,787$; $p=0,006$)
- 6) Mikilvægi WF fyrir hrossaræktaráhuga eða ræktunarstarf (sp. 14); ($t=1,722$; $p=0,088$)

Ofangreindir þættir skýrðu tölfræðilega samanlagt um 36% af ánægju svarenda með samtökin. Þetta þýðir að í könnuninni hafa fundist ástæður fyrir ríflega þriðjungu ánægju félagsanna með HS. Þar skipta mestu máli fyrstu tveir þættirnir sem eru hrossasýningar félagsins og aðgangur að WorldFeng (WF) í gegnum félagsaðild. Þannig má segja að þeir sem vilja breyta sýningum (sp. 6) eru ekki eins ánægðir með starfsemi HS og þeir sem telja ekki þörf á að breyta sýningum. Þá eru þeir sem myndu halda áfram sem félagsmaður í samtökunum þótt aðgangur að WF fengist ekki ánægðari en þeir sem myndu segja sig úr þeim. Þarna eru tveir minnihlutahópar, þeir sem myndu vilja breyta hrossasýningum (18%) og þeir sem myndu segja sig úr samtökunum (30%), meginskýring óánægju með starfsemi samtakanna.

Þeir þættir sem koma næstir sem áhrifavaldar í ánægju með starfsemi HS eru mikilvægi hagsmunasamtaka fyrir hrossaræktina, stóðhestahald HS og hversu mikið gagnagrunnurinn WF er notaður (þættir nr. 3, 4 og 5 hér að ofan). Þannig eru þeir sem telja það skipti miklu máli fyrir hrossaræktina að hafa hagsmunasamtök ánægðari en þeir sem telja að það skipti litlu máli. Þá eru þeir sem telja óþarft að HS haldi stóðhesta ánægðari en hinir; og þeir sem skoða WF gagnagrunninn sjaldan eða aldrei eru ánægðari en þeir sem skoða hann oft. Einnig á mikilvægi WF fyrir hrossaræktina þátt í að skýra ánægju svarenda með samtökin (þáttur 6), þannig að því meira máli sem WF var talinn skipta fyrir áhuga og ræktunarstarf því ánægðari eru svarendur.

Eftirfarandi þættir voru einnig prófaðir í aðhvarfsgreiningunni til að athuga hvort þeir gætu skýrt hluta af ánægju svarenda með samtökin en þeir reyndust ekki gera það:

- Kynferði svarenda.
- Búseta svarenda.
- Hvort svarendur stundi hrossarækt.
- Hvort svarendur fylgist mikið eða lítið með málefnum hrossaræktar.
- Þekking og notkun á heimasíðu HS (sp. 9).
- Þekking og lestur á Fréttabréfi HS (sp. 12).

Áhugi á fræðslu

Mikill áhugi er meðal þátttakenda í könnuninni á ýmsum fræðslunámskeiðum í tengslum við hrossarækt og aðeins 6,4% svarenda vilja ekkert námskeið. Allir þátttakendur (141) svöruðu þessari spurningu á einhvern hátt. Í töflunni hér að neðan sést flokkun á svörum við spurningunni um *hvort áhugi væri á að HS byði upp á námskeið í tengslum við hrossarækt og þá hvernig námskeið?* (sp. 4).

Námskeið	Fjöldi sem vill námskeið í ...	Hlutfall sem vill námskeið í ... (%)	Hlutfall sem valdi námskeið í ... í fyrsta sæti (%)
Bygging hrossa	111	78,7	60,3
Frumtamning	66	46,8	18,4
Fóðrun	57	40,4	9,9
Járningar	42	29,8	5,0
Hýsing hrossa	31	22,0	5,0
Annað	43	30,5	13,5

Af töflunni sést að langflestir vilja námskeið um byggingu hrossa. Tæplega 79% svarenda höfðu áhuga á að sækja slíkt námskeið og yfir 60% settu námskeið um byggingu hrossa í fyrsta sæti af þeim námskeiðum sem talin voru upp. Næst mestur áhugi reyndist vera fyrir námskeiði í frumtamningu hrossa og í þriðja sæti lenti námskeið um fóðrun hrossa. Um fjórðungur svarenda sýndi námskeiðum um járningar og hýsingu hrossa áhuga en fáir settu þau sem fyrsta valmöguleika (5% hvort).

En þau fimm námskeið sem sett voru fram sem valmöguleikar fullnægðu ekki fróðleiksfýsn svarenda og vildi hátt í 31% fá námskeið í einhverju öðru. Þegar þau svör eru flokkuð kemur í ljós að flestir (23) vilja ræktunar- og kynbótanámskeið. Í þeim flokki eru líka þeir sem tiltóku erfðafræði, hrossadóma, kynbótamat og BLUP („Best Linear Unbiased Prediction“).

Fjórir nefndu námskeið tengd almennri umgengni við hross. Undir þennan flokk fellur einnig tannhirða og röspun svo og sálfræði hrossa og ósjálfráð viðbrögð þeirra. Þessu tengt kom fram sú hugmynd að útbúa árstíðadagatal hestamannsins. Dagatalið ætti að minna hestaeigendur á heilsusamlega meðferð hrossa allt árið um kring, í hnitmiðuðu og stuttu máli. Einnig mætti stutt útskýring á reiðtygjum vera hluti af dagatalinu.

Fimm nefndu áhuga á námskeiði um markaðssetningu og sölumál. Þrír nefndu almenn reiðnámskeið fyrir fólk á öllum aldri.

Aðrar hugmyndir sem komu fram um námskeið voru:

- þjálfun og tamningar,
- rekstur, bókhald og byggingar,
- sýningartækni kynbótahrossa,
- undirbúningur fyrir dóma,
- frostmerking,
- hestaferðir,
- tölvunotkun, þ.m.t. kennsla í notkun á WorldFeng,
- vistvæn vottun,
- pörun hrossa,
- meðferð unghrossa (yngri en fjögurra vetra) og
- tvítaumsnámskeið.

Spurningu um *hvers konar fræðslufundi félagsmenn HS myndu sækja* (sp. 5) var svarað í góðu samræmi við spurninguna hér á undan um námskeið. Langstærsti hópurinn hafði áhuga á fundum um ræktunar- og kynbótamál eða yfir 60 svarendur. Þar undir fellur; hrossarækt, kynbætur, bygging, dómar, markmið og árangur í ræktun. Einnig kom fram áhugi á tengslum við ræktendur og ræktunarbýli. Áhugi var fyrir að fá ræktendur á fund og segja frá sinni reynslu og einnig að heimsækja ræktunarbýli. Markaðs- og sölumál voru nefnd nokkrum sinnum. Einnig komu fram hugmyndir að fundum um tamningar, þjálfun og járningar hrossa, meðferð og umhirðu, heilsu og fóðrun, atferli og frjósemi hrossa, tölvunotkun og notkun á WorldFeng, gæðamat hrossa, ættgreinar íslenska hestastofnsins og að fundum með ráðunautum.

Kynbótastarf

Í könnuninni var spurt hvort þátttakendum fyndist þörf á að breyta þeim þremur hrossasýningum er HS stendur að (sp. 6). Um 11% svöruðu ekki þessari spurningu en hjá þeim sem svöruðu fengust afgerandi niðurstöður. Ríflega 82% töldu ekki þörf á að breyta sýningunum en um 18% vildu breyta þeim að einhverju leyti. Þeir sem vildu breyta nefndu m.a. sýningartímamann; hafa þær að degi til, hafa ungfolasýningu fyrir sauðburð, bæta við sumarsýningu og hafa fleiri og viðameiri sýningar. Nokkrir tjáðu sig um framkvæmd sýninganna; það vantaði meiri metnað við framkvæmdina, það þyrfti að skilgreina tilgang, auglýsa sýningarnar betur, fá nýja sýningarstjóra, fá fulltrúa félaga á sýningarnar, hafa þátttökuna almennari, fá fleiri hross frá félagsmönnum, hafa matið faglegra og láta dómara dæma, sýningarnar væru of heimilislegar. Svo var nefnt að bæta mætti við stóðhestasýningu. Einnig kom fram tillaga að þúfnareið eða torfærukeppni stóðhesta. Varðandi sýningar á unghrossum kom fram sú skoðun að sameina mætti folalda- og ungfolasýningar, að aldursskipta mætti ungfolasýningum, að sleppa ætti folöldunum og að faglegru lýsingar þyrftu að vera á unghrossunum. Nefnt var einnig að síðasta folaldasýning hefði verið ófagleg og dýr.

Spurt var um afstöðu þátttakenda til stóðhestahalds samtakanna (sp. 7). Sú spurning var á tvenns konar formi og fékk hvor slembihelmingur þátttakenda sýna útgáfu. *Form A: Finnst þér að HS ættu að halda stóðhesta eins og þau gerðu áður eða skiptir það litlu sem engu máli?* *Form B: Myndir þú ná meiri árangri í þinni hrossarækt ef HS héldu stóðhesta eins og þau gerðu áður eða skipti það litlu sem engu máli fyrir þig?*

Þegar niðurstöður þessarar spurningar eru teknar saman án þess að taka tillit til formsins kemur í ljós að tæpur helmingur svarenda er hallur undir stóðhestahald HS eða 47% en 53% svarenda telja að stóðhestahald samtakanna skipti litlu sem engu máli.

Af töflunum hér á eftir má sjá nánari greiningu á spurningu nr. 7 um afstöðu þátttakenda til stóðhestahalds. Greint er eftir formi spurningarinnar (A eða B form) og einnig eftir

kyni, búsetu og því hvort svarandinn hefur hrossarækt að aðalstarfi, hlutastarfi eða stundar ekki hrossarækt.

%		Kyn		Búseta		Heild
		Karl	Kona	Sveit	Þéttbýli	
A Form (Eiga HS að halda stóðhesta?)	Já	56,3	64,3	55,3	64,3	58,1
	Nei	43,8	35,7	44,7	35,7	41,9
B Form (Meiri árangur í ræktun ef HS héldu stóðhesta?)	Já	37,7	37,5	34,1	47,8	37,1
	Nei	62,3	62,5	65,9	52,2	62,9

Þegar tekið er tillit til spurningarformsins og svör við báðum formum skoðuð í heild (sjá aftasta dálkinn í töflunni) sést af svörum við A formi að rúm 58% eru hlynnt stóðhestahaldi en tæp 42% telja það skipta litlu eða engu máli. Þegar hinsvegar er litið nánar á svör við B formi kemur í ljós að rúm 37% telja að þau næðu meiri árangri ef HS héldu stóðhesta en tæp 63% telja það skipta harla litlu máli. Hér er hinsvegar greinilegt að það skiptir verulegu máli hvernig þessi spurning er orðuð, þ.e. hvort formið er notað.

Þegar litið er á svörin eftir kyni og búsetu (sjá fyrir ofan) eru niðurstöðurnar áþekkar þ.e. fleiri svara jákvætt þegar A form er notað en fleiri neikvætt þegar B form er notað. Hvorki er þó marktækur munur á afstöðu eftir kyni né búsetu, þ.e. skoðun karla og kvenna eru ekki marktækt ólík og skoðun sveitamanna og dreifbýlinga ekki heldur marktækt ólík.

Þá er ekki marktækur munur á skoðunum manna til þessa máls um stóðhestahald HS eftir því hvort menn séu á fullu eða hálfu í hrossarækt, eða ekki í henni. Það stafar sennilega af því að langflestir þátttakenda eru í hrossarækt í hlutastarfi og því fáir til samanburðar í hópi þeirra sem hafa hrossarækt að aðalstarfi eða eru ekki í hrossarækt.

Mikilvægi gagnagrunnsins WorldFengs

Fjórar spurningar í könnuninni voru um gagnagrunninn WorldFeng en félagsmenn í HS hafa aðgang að gagnagrunninum í gegnum félagsaðildina.

Fyrst var spurt ef þessi aðgangur fengist ekki í gegnum HS hvort viðkomandi myndi segja sig úr samtökunum eða halda áfram sem félagsmaður ef félagsgjaldið yrði 1500-2000 krónur (sp. 13). Um 9% þátttakenda svöruðu ekki þessari spurningu. Af þeim sem svöruðu voru niðurstöðurnar afgerandi og myndu um 70% svarenda halda áfram að vera félagar í HS þó svo að um aðgang að WorldFeng væri ekki að ræða. Um 30% svarenda myndu hinsvegar segja sig úr samtökunum.

Næst var spurt um mikilvægi gagnagrunnsins fyrir hrossaræktaráhuga eða ræktunarstarf (sp. 14) viðkomandi svaranda. Við þessari spurningu fengust álíka afgerandi niðurstöður. Um 68% töldu að gagnagrunnurinn skipti frekar miklu eða mjög miklu máli fyrir ræktunaráhuga og –starf. Á hinn bóginn töldu um 17% svarenda að gagnagrunnurinn skipti frekar litlu eða mjög litlu máli fyrir hrossaræktaráhuga og ræktunarstarf. Um 15% sögðu að gagnagrunnurinn skipti hvorki miklu né litlu máli.

Einnig var spurt um hversu oft þátttakendur hefðu farið inn í gagnagrunninn árið 2006 (sp. 15). Í töflunni hér fyrir neðan má sjá niðurstöðurnar.

	%
Aldrei	11,5
Einu sinni eða tvisvar	5,0
Í örfá skipti	10,8
Um það bil einu sinni í mánuði	10,8
Nokkrum sinnum í mánuði	37,4
Oft í mánuði	24,5

Af töflunni sést að yfir 88% svarenda nota gagnagrunninn WorldFeng en aðeins tæplega 12% nota hann aldrei. Algengast er að notendur WorldFengs fari nokkrum sinnum í mánuði inn í gagnagrunninn eða ríflega 37%. Hátt í fjórðungur notar gagnagrunninn oft í mánuði og fast að 27% nota gagnagrunninn u.þ.b. einu sinni í mánuði eða sjaldnar.

Niðurstöður spurningar um helstu ástæður þess að skoða WorldFeng gagnagrunninn (sp. 16) sjást í töflunni hér að neðan.

	%
Fer aldrei inn í grunninn	8,5
Skoða dóma	61,0
Athuga ætterni	70,9
Kanna eignaskráningu	36,2
Kynbótamatið	34,8
Skoða myndir eða myndbönd	15,6
Aðrar ástæður	7,1

Af þeim sem svöruðu segjast hátt í 9% aldrei fara inn í grunninn sem er í nokkuð góðu samræmi við spurninguna á undan. Greinilegt er að mestur áhugi er á ætterni hrossa hjá þeim sem svara þessari spurningu en um 71% segist skoða WorldFeng til að athuga ætterni. Næst mestur áhugi er fyrir að skoða dóma um hross en 61% segist nota gagnagrunninn í því skyni. Síðan er allmikill áhugi á að kanna eignaskráningu og kynbótamat hrossa en 35-36% segjast nota WorldFeng til þess. Tæplega 16% segjast nota gagnagrunninn fyrst og fremst til að skoða myndir eða myndbönd. Að lokum eru um 7% sem gefa aðrar ástæður fyrir notkun sinni á gagnagrunninum og eru þær; til að leita að hrossum (3 svöruðu þessu), til að læra meira (2), skoða einkunn (1), skoða allt (1), skoða fyljunarskýrslur (1) og til að skoða einstaklingsskráningar vegna örmerkinga (1).

Pekking og notkun á heimasíðu HS

Þegar svörin við spurningunni um *notkun á heimasíðu HS* (sp. 9) eru skoðuð kemur í ljós að um 23% svarenda vissu ekki að hún væri til og um 18% vissu af henni en höfðu aldrei farið inn á hana (sjá töfluna hér að neðan). Þegar þessir tveir svarliðir eru lagðir saman er ljóst að um 40% þátttakenda í könnuninni nota aldrei heimasíðu HS. Um 40% þátttakenda nota heimasíðuna yfirleitt ekki eða sjaldan og um 18% nota hana stundum. Aðeins einn svarandi í könnuninni notar heimasíðuna oft en enginn svaraði því til að nota hana mjög oft.

Hvað á best við um þekkingu og notkun þína á heimasíðu HS?	Karl %	Kona %	Sveit %	Þéttbýli %	Heild %
Vissi ekki að heimasíðan væri til	25,7	16,1	22,1	26,3	~ 23
Vissi af heimasíðunni en aldrei farið inn á hana	21,0	9,7	20,0	13,2	~ 18
Farið inn á heimasíðuna en nota hana yfirleitt ekki	21,0	16,1	20,0	18,4	~ 20
Nota heimasíðuna sjaldan	18,1	25,8	23,2	13,2	~ 20
Nota hana stundum	13,3	32,3	14,7	26,3	~ 18
Nota hana oft	1,0	0,0	0,0	2,6	~ 1
Nota hana mjög oft	0	0	0	0	0
<i>Samtals</i>	<i>100,0</i>	<i>100,0</i>	<i>100,0</i>	<i>100,0</i>	<i>100</i>

Í töflunni hér að ofan sést einnig hvernig svör karla og kvenna dreifast á svarliðina svo og dreifing milli þeirra sem búa í sveit og þéttbýli. Hátt í 26% þeirra karla sem svöruðu spurningunni vissu ekki að heimasíðan væri til á móti um 16% þeirra kvenna sem svöruðu. Tæplega 10% kvenna og 21% karla sögðust vita af heimasíðunni en aldrei farið inn á hana. Þegar þessir tveir svarliðir eru teknir saman sést að hátt í 47% karla hafa aldrei notað síðuna en næstum 26% kvenna hafa aldrei notað hana. Svipað hlutfall karla og kvenna notar síðuna sjaldan (yfirleitt ekki eða sjaldan) eða um 40%. Hinsvegar sést að ríflega 13% karla og ríflega 32% kvenna nota heimasíðuna stundum. Í heildina benda

niðurstöðurnar því til að konur þekki og noti heimasíðuna frekar en karlar en munurinn er ekki marktækur þar sem fáar konur voru í úrtakinu.

Þegar litið er á svörin út frá búsetu sést að hlutfallslega fleiri þéttbýlinga en sveitamanna nota heimasíðuna stundum. Af þeim sem vissu af heimasíðunni en hafa aldrei farið inn á hana búa mun fleiri í sveit. Í heildina benda niðurstöðurnar til þess að þekking og notkun heimasíðunnar sé heldur meiri í þéttbýli borið saman við sveit en munurinn er ekki marktækur.

Af þeim sem fara inn á heimasíðuna eru flestir sem *skoða helst* (sp. 10) fréttir eða um þriðjungur allra og um helmingur þeirra sem fara á síðuna. Öllu færri skoða fyrst og fremst fundargerðir HS eða um fimmtungur allra og um þriðjungur þeirra sem fara á síðuna. Um 11% nota tengla yfir á fagsíður en mjög fáir gera annað á síðunni.

Af þátttakendum voru um 20% sem höfðu skoðun á *hvort eitthvað vantaði á heimasíðu samtakanna* (sp. 11). Stærsta hópnum (8) fannst vanta meiri fréttir, fróðleik og upplýsingar til félagsmanna. Sjö svarenda nefndu að upplýsingar um stóðhesta vantaði, t.d. aðgang að stóðhestum á Suðurlandi og fyljunarhlutföll. Sex nefndu að heimasíðan þyrfti að verða aðgengilegri og virkari, þar af nefndu tveir að síðan ætti að vera sjálfstæð. Einnig kom fram að tenglar mættu vera inn á heimasíður félagsmanna, tilkynningar mættu sjást frá félagsmönnum, að birta mætti viðtöl við reynda ræktendur, að segja þyrfti frá starfsemi HS og að samtökin þyrftu að skilgreina sig betur. Fram kom ábending um að heimasíðuna www.foli.is mættu samtökin taka til fyrirmyndar.

Í heildina er ljóst að heimasíðuna þarf að kynna betur þar sem allt of margir vita ekki af henni og nota hana ekki. Hafa má til hliðsjónar vísbendingar um mismun á þekkingu og notkun eftir kyni og búsetu. Einnig þarf að vinna úr þeim tillögum sem komu fram um úrbætur á heimasíðunni.

Pekking og lestur á fréttabréfi HS

Langflestir svarenda, eða ríflega 80%, *skoða eða lesa fréttabréf HS* (sp. 12) stundum, oft eða alltaf. Aðeins um 6% skoða það aldrei þótt þeir viti af því en 12% þátttakenda vissu ekki að það væri til (sjá töfluna hér fyrir neðan).

Hvað á best við um þekkingu og lestur þinn á fréttabréfi HS?	Karl %	Kona %	Sveit %	Þéttbýli %	Heild %
Vissi ekki að það væri til	13,1	6,5	13,6	7,7	~ 12
Veit að það er til en skoða það aldrei	6,1	6,5	5,7	7,7	~ 6
Skoða eða les stundum	32,3	38,7	33,0	33,3	~ 34
Skoða eða les oft eða alltaf	48,5	48,4	47,7	51,3	~ 48
<i>Samtals</i>	<i>100,0</i>	<i>100,0</i>	<i>100,0</i>	<i>100,0</i>	<i>100</i>

Þegar svörin eru skoðuð eftir kyni sést að, hlutfallslega eru, álíka margir karlar og konur sem skoða fréttabréfið oft eða alltaf eða um helmingur svarenda. Heldur fleiri konur en karlar skoða það stundum. Álíka margar konur og karlar vita af tilvist þess en skoða það aldrei. Hinsvegar eru fleiri karlar en konur sem vita ekki að fréttabréfið er til (13% karla á móti 7% kvenna) en munurinn er ekki marktækur.

Af þeim sem lesa fréttabréfið stundum, oft eða alltaf eru álíka margir hlutfallslega búsettir í sveit og þéttbýli. Af þeim sem vissu ekki að fréttabréfið væri til eru hlutfallslega fleiri búsettir í sveit en þéttbýli (14% í sveit á móti 8% í þéttbýli) en munurinn er þó ekki marktækur.

Hugmyndir að viðfangsefnum og tillögur að úrbótum

Þegar þátttakendur í könnuninni voru spurðir *hver ættu að vera helstu viðfangsefni HS* (sp. 8) komu margar hugmyndir fram. Þessari spurningu svöruðu 97 af 141 þátttakanda eða yfir tveir þriðju hlutar. Eftirfarandi hugmyndir að viðfangsefnum komu fram og sést í töflunni hve oft hver hugmynd var nefnd. Þær hugmyndir sem eru mjög tengdar er reynt að flokka saman.

Flokkur	Hugmynd að viðfangsefnum HS	Hve oft nefnd
Almenn félagsstarfsemi	Hagsmunagæsla	25
	Afurðamál, markaðssetning	4
	Efla samstöðu og félagsskap ræktenda	3
	Vera grasrótarhreyfing	1
	Efna til skoðanaskipta	1
	Halda reiðnámskeið fyrir unglina í samvinnu við bændaskóla	1
Kynbótastarf	Efla ræktunarstarf / hrossarækt	15
	Halda stóðhesta	11
	Útvega / sjá um aðgang að stóðhestum	11
	Ræktunarsýningar	10
	Efla fagmennsku	4
	Kynna stóðhesta	2
	Endurvekja sæðingarstöðina	2
	Sjá um skjalfesta og rökstudda dóma á ungvíði	1
	Aðstoða við val undaneldishrossa	1
	Aðstaða fyrir blóðsýnatöku úr hryssum	1
	Sjá um sæðingar	1
Aðgangur að WorldFeng	1	
Fræðslu- og útgáfustarf	Fræðsla, upplýsingar, útgáfustarfsemi	35
Þróunar- og rannsóknarstarf	Framþróun og rannsóknir	3
Annað	Óbreytt starfsemi	2

Einnig var nefnt (einu sinni hvort atriði) að helstu viðfangsefni HS ættu að vera umsjón með gæðamálum og að taka þátt í erlendum sölusýningum. Einn af þeim fjórum sem tiltók að efla ætti fagmennsku, nefndi að slíkt gæti falist í að dómarrar fengju ekki að sjá nöfn og ættir þeirra hrossa sem lægu undir dómi hverju sinni.

Í könnuninni var einnig óskað eftir hugmyndum þátttakenda um *hvernig bæta mætti starf HS* (sp. 17). Þessari spurningu svöruðu ekki nema 49 af 141 þátttakanda og var svarhlutfallið hér því aðeins um 35%. Mögulegt er að einhverjir hafi talið þessa spurningu of skylda spurningu nr. 8, um helstu viðfangsefni HS, enda vísuðu þó nokkrir í svar sitt við þeirri spurningu. Þeim hugmyndum sem fram komu hjá þeim sem svöruðu má skipta niður í flokka:

Flokkur	Hugmynd að úrbótum á starfi HS	Hve oft nefnd
Almenn starfsemi	Sýnilegra og virkara starf	8
	Virkja félagsmenn frekar, hittast oft	7
	Skilgreina starfsemina betur, færri viðfangsefni	3
	Efla hagsmunagæslu	3
	Efla deildir og innra starf þeirra	2
Kynbótastarf	Að halda stóðhesta	5
	Standa fyrir kaupum eða leigu á topphestum	4
	Betra aðgengi að stóðhestum, stóðhestamiðlun	4
	Upplýsingabanki um ungfola og stóðhesta á svæðinu	2
	Faglegri dómur	2
	Sæðingastöð	1
Fræðslu- og útgáfustarf	Auka fræðslu og kynningarstarf	4
	Efla útgáfu og heimasíðu	4
	Fjölga námskeiðum og fræðslufundum	2
	Stuðla að bættu aðgengi að ráðunautum	1
Annað	Óbreytt starfsemi	2

Einnig voru eftirfarandi hugmyndir að úrbótum nefndar (einu sinni hver); að hætta ætti að styrkja Dýralæknaþjónustuna með því að eyða öllum peningum í sæðingar, að losna ætti við Framsóknarflokkstenginguna og að leggja ætti starf samtakanna niður eins og stefnt hefði verið að undanfarin ár. Auk þess kom fram athugasemd um að of fáir kæmu að stjórnunarstörfum í félaginu og að fólk í varastjórn sæist aldrei. Að lokum skrifaði einn þátttakandinn að „Hrossarækt á ekki að vera bara ríkra manna sport“.

VIÐAUKI - Spurningalistinn

Könnun meðal félagsmanna í Hrossaræktarsamtökum Suðurlands
febrúar 2007

1. **Hver er helsta ástæða þess að þú ert félagsmaður í Hrossaræktarsamtökum Suðurlands?** *Skrifaðu svarið á línuna.*

2. **Ertu almennt ánægð(ur) eða óánægð(ur) með starfsemi Hrossaræktarsamtaka Suðurlands?** *Krossaðu við einn kost á línuna.*
 - ___5 Mjög ánægð(ur)
 - ___4 Frekar ánægð(ur)
 - ___3 Í meðallagi ánægð(ur) / óánægð(ur)
 - ___2 Frekar óánægð(ur)
 - ___1 Mjög óánægð(ur)
3. **Hversu miklu eða litlu máli skiptir fyrir hrossaræktargreinina að það séu rekin hagsmunasamtök hennar?** *Krossaðu við einn kost.*
 - ___5 Mjög miklu
 - ___4 Frekar miklu
 - ___3 Í meðallagi miklu / litlu
 - ___2 Frekar litlu
 - ___1 Mjög litlu eða engu máli
4. **Ef Hrossaræktarsamtök Suðurlands byðu upp á námskeið í tengslum við hrossarækt – hvers konar námskeið, ef eitthvað, myndir þú vilja sækja?** *Forgangsráðu ef fleiri en eitt eða með 1 við það helsta, 2 næsthelsta o.s.frv.*
 - ___0 Ekkert
 - ___1 Bygging hrossa
 - ___2 Frumtamning
 - ___3 Járningar
 - ___4 Fóðrun
 - ___5 Hýsing hrossa
 - ___6 Annað => Hvað? _____
5. **Ef Hrossaræktarsamtök Suðurlands byðu upp á fræðslufundi um hrossarækt – hvers konar fræðslufundi, ef eitthvern, myndir þú vilja sækja?**

6. **Hrossaræktarsamtök Suðurlands standa að þremur sýningum, folalda- ungfola- og ræktunarsýningu. Finnst þér þörf á að breyta sýningunum eða ekki?**
 - ___1 Ekki breyta sýningunum
 - ___2 Breyta sýningunum => Hvernig? _____

7. **A:** Finnst þér að Hrossaræktarsamtök Suðurlands ættu að halda stóðhesta eins og þau gerðu áður eða skiptir það litlu sem engu máli?

- ___1 Ættu að halda stóðhesta
- ___2 Skiptir litlu eða engu máli

B: Myndir þú ná meiri árangri í þinni hrossarækt ef Hrossaræktarsamtök Suðurlands héldu stóðhesta eins og þau gerðu áður eða skipti það litlu sem engu máli fyrir þig?

- ___1 Myndi ná meiri árangri
- ___2 Skiptir litlu eða engu máli

8. Hver finnst þér ættu að vera helstu viðfangsefni Hrossaræktarsamtaka Suðurlands?

9. Hvað af eftirfarandi á best við um þekkingu og notkun þína á „heimasíðu“ Hrossaræktarsamtaka Suðurlands sem er hengd við heimasíðu Búnaðarsambands Suðurlands?

- ___1 Vissi ekki að hún væri til
- ___2 Veit að hún er til hef aldrei farið inn á hana
- ___3 Farið inn á heimasíðuna en nota hana yfirleitt ekki
- ___4 Nota hana sjaldan
- ___5 Nota hana stundum
- ___6 Nota hana oft
- ___7 Nota hana mjög oft

10. Hvað er það helsta sem þú notar eða skoðar á „heimasíðunni“?

- ___1 Fer aldrei inn á „heimasíðuna“
- ___2 Fréttir
- ___3 Fundargerðir
- ___4 Lög samtakanna
- ___5 Tengla yfir á fagsíður
- ___6 Annað => Hvað? _____

11. Hvað finnst þér vanta á „heimasíðuna“ ef eitthvað?

12. Hvað af eftirfarandi á best við um þekkingu og lestur þinn á Fréttabréfi Hrossaræktarsamtaka Suðurlands?

- ___1 Vissi ekki að það væri til
- ___2 Veit að það er til en skoða það aldrei
- ___3 Skoða eða les stundum
- ___4 Skoða eða les oft eða alltaf

Félagsmenn í Hrossaræktarsamtökum Suðurlands hafa aðgang að gagnagrunninum Worldfengur í gegnum félagsaðildina.

13. Ef þessi aðgangur fengist ekki í gegnum Hrossaræktarsamtökin myndir þú segja þig úr samtökunum eða myndir þú verða áfram félagsmaður yrði félagsgjaldið 1500-2000 krónur?

- _1 Myndi segja mig úr Samtökunum
- _2 Héldi áfram sem félagsmaður

14. Myndir þú segja að Worldfengur gagnagrunnurinn skipti miklu eða litlu máli fyrir hrossaræktunaráhuga þinn eða ræktunarstarf þitt?

- _5 Mjög miklu máli
- _4 Frekar miklu máli
- _3 Í meðallagi miklu eða litlu máli
- _2 Frekar litlu máli
- _1 Mjög litlu eða engu máli

15. Hversu oft um það bil fórst þú inn í Worldfeng gagnagrunninn árið 2006?

- _0 Aldrei
- _1 Einu sinni eða tvisvar
- _2 Í örfá skipti
- _3 Um það bil einu sinni í mánuði
- _4 Nokkrum sinnum í mánuði
- _5 Oft í mánuði

16. Hvers vegna ferðu fyrst og fremst til að skoða á Worldfeng gagnagrunninn?

- _1 Fer aldrei inn í grunninn
- _2 Skoða dóma
- _3 Athuga ætterni
- _4 Kanna eignaskráningu
- _5 Kynbótamatið
- _6 Skoða myndir eða myndbönd
- _7 Aðrar ástæður => Hverjar? _____

17. Ertu með hugmyndir um hvernig bæta mætti starf Hrossaræktarsamtaka Suðurlands?

Að lokum eru hér nokkrar spurningar um þig og bakgrunn þinn til þess að greina betur svör manna við þeim spurningum sem eru komnar hér á undan – krossaðu við allt sem við á um þig:

___₁ Karl

___₂ Kona

___₁ Bý í sveit

___₂ Bý í þéttbýli

___₁ Ég stunda hrossarækt sem aðalatvinnu

___₂ Ég stunda hrossarækt í hlutastarfi

___₃ Ég stunda ekki hrossarækt

___₁ Ég fylgist mikið með málefnum hrossaræktar og hestamennsku

___₂ Ég fylgist lítið með málefnum hrossaræktar og hestamennsku

Hve mörg ár hefur þú verið í félaginu? ___ ár

Hve mörg ár hefur þú verið í hrossarækt? ___ ár

Kær þökk fyrir þátttökuna – Settu svörin í umslagið og pósthleggðu